

Gildistaka: 2001-10-01
ICS: 91.040

Byggingarstig húsa

Definitions of progress stages for
building construction

Sýnishorn



Sýnishorn

© Staðlaráð Íslands 2001. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þennan staðal með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla staðlinum í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

Formáli

Þetta er fjórða útgáfa staðalsins ÍST 51 *Byggingarstig húsa*. Staðallinn var fyrst gefinn út árið 1972 og síðan árin 1992 og 1998. Við gildistöku þessa staðals fellur úr gildi eldri útgáfa staðalsins.

Vinnuhópur á vegum Byggingarstaðlaráðs (BSTR) vann að endurskoðun staðalsins. Vinnuhópin skipuðu:

Guðni F. Guðjónsson, fulltrúi Íbúðalánasjóðs
Dan V. S. Wium, fulltrúi Félags fasteignasala
Magnús Sædal Svavarsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Ólafur Helgi Árnason, fulltrúi Samtaka iðnaðarins

Sýnishorn

ÍST 51:2001

Efnisyfirlit

1	Umfang og gildissvið	5
1.1	Tilgangur	5
1.2	Byggingarstig	5
2	Orðskýringar	6
3	Tilvísanir	6
4	Lýsing á byggingarstigum	7
4.1	Byggingarstig 1 - Byggingarleyfi	7
4.2	Byggingarstig 2 - Undirstöður	7
4.3	Byggingarstig 3 - Burðarvirki fullreist	7
4.4	Byggingarstig 4 - Fokheld bygging	7
4.5	Byggingarstig 5 - Tilbúin til innréttingar	8
4.6	Byggingarstig 6 - Fullgerð án lóðarfrágangs	9
4.7	Byggingarstig 7 - Fullgerð bygging	9
5	Dagsetningar	10

Viðauki

A	Atriðalisti - Eyðublað	11
----------	------------------------	----

Sýnishorn

Byggingarstig húsa

1 Umfang og gildissvið

1.1 Tilgangur

Staðall þessi kveður á um hugtök og skilgreindir byggingarstig húsa. Skilgreint er byggingarstig einstakra notaeyninga (sjá gr. 2.10) og heilla bygginga samkvæmt þeim teikningum sem liggja fyrir.

Tilgangur staðalsins er að gera mönnum kleift á einfaldan hátt að lýsa framvindu byggingarframkvæmda. Staðallinn er hvorki efnislýsing, verklýsing né byggingarlýsing. Hann má nota við opinbera skráningu á byggingarframkvæmdum.

1.2 Byggingarstig

Byggingarstig eru skilgreind fyrir einstakar notaeyningar. Þau má einnig yfirfæra á mannvirki í heild. Eftirfarandi byggingarstig eru skilgreind:

Númer	Heiti byggingarstigs
1	Byggingarleyfi
2	Undirstöður
3	Burðarvirki reist
4	Fokheld bygging
5	Tilbúin til innréttingar
6	Fullgerð án lóðarfrágangs
7	Fullgerð bygging

Fyrstu byggingarstigin 1, 2 og 3 lýsa byggingu áður en henni er lokað fyrir veðri og vindum, þ.e.a.s. verður fokheld. Þau taka til einstakra notaeyninga og byggingarinnar í heild.

Lýsingar á einstökum byggingarstigum miða við venjulegan frágang og/eða hefðir. Ef efnislýsingar, verklýsingar eða byggingarlýsingar kveða á um óhefðbundinn frágang er miðað við að samsvarandi stöðu verks hafi verið náð.

Byggingarstig 4 til 7 lýsa einstökum notaeyningum í húsbbyggingu. Þau eiga því aðeins við bygginguna í heild að allar notaeyningar og sameign í henni séu á sama framkvæmdastigi. Ef þörf er á nánari skilgreiningu á framkvæmdastigum má nota atriðalista í viðauka A.

ÍST 51:2001

2 Orðskýringar

Í staðlinum gilda eftirfarandi orðskýringar.

2.1 boðlagnir: Innanhússlagnir fyrir síma, sjónvarp, viðvörðunarkerfi o.fl.

2.2 burðarveggir: Veggir sem eru hluti af burðarvirki byggingar.

2.3 burðarvirki: Allir þeir hlutar byggingar sem eru berandi.

2.4 fráveitulagnir: Lagnir sem leiða skólþ og aðra úrgangsvökva frá byggingum og lóð.

2.5 fráveitulagnir innanhúss: Lagnir skv. 2.4 innan útveggja.

2.6 gluggabúnaður: Lamir, stormjárn, krækjur o.fl. á opnanlegum gluggum.

2.7 heimlagnir: Lagnir til og frá húsi svo sem raflögn, boðlagnir, lagnir fyrir heitt og kalt vatn og fráveitulagnir.

2.8 hurðabúnaður: Lamir, skrár, læsingar, bréfalúgur o.fl.

2.9 klæðning: Yfirborð, sem sett er á byggingarhluta, t.d. múr á einangrun og plötu- eða borðaklæðning.

2.10 notaeining: Eitt eða fleiri herbergi sem mynda samstæða heild í byggingu og standa sjálfstætt, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Notaeining afmarkast af útlínnum útveggja og miðlínnum milliveggja sem aðskilja hana frá öðrum notaeiningum. Dæmi um notaeiningu eru íbúð og verslunar- eða skrifstofueining.

2.11 raflagnagrind: Grind sem myndar rými fyrir raflagnir.

2.12 síðasta úttekt byggingarfulltrúa: Lokaúttekt á viðkomandi verkþætti.

2.13 skilveggir: Innveggir í byggingu aðrir en burðarveggir.

2.14 slitfletir gólfa: Efsta yfirborð gólfa og stiga svo sem teppi, dúkar, parket, steinflísar, málning o.fl.

2.15 tæknibúnaður: Öll lagnakerfi og allur orkuknúinn búnaður.

2.16 undirstöður: Neðsti hluti burðarvirkis húss, að jafnaði burðarvirki milli botnplötu og berandi jarðar, þó að botnplötu meðtalinni, ef hún er berandi hluti af undirstöðum.

2.17 veðurþol: Þol ystu flata veggja, þaka og annarra flata byggingar gegn áhrifum veðurs.

2.18 yfirborðsmeðhöndlun: Frágangur flata með yfirborðsefnum (málningu eða inndreypingu).

2.19 þakvirki: Burðarvirki í þaki.

2.20 þerrilögn: Lögn sem leiðir jarðvatn frá byggingum.

2.21 þrifataeki: Handlaugar, eldhús- og þvottahúsvaskar, baðkör, sturtur, salerni o.fl.

3 Tilvísanir

Almenn tilvísun er í byggingarreglugerð.